

Nr. 3/1961. Mánudaginn 24. apríl 1961.
Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja
 (Björgvin Sigurðsson hdl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkakvennafélags Keflavíkur og Njarðvíkur
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Vinnustöðvun dæmd ólögmat. Sýknað af kröfu um féviti. Sératkvæði.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 4. þ. m., af Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkakvennafélags Keflavíkur og Njarðvíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að all e g a :

- 1) að dæmt verði, að vinnustöðvun sú, sem til framkvæmda kom af hálfu Verkakvennafélags Keflavíkur og Njarðvíkur kl. 24.00 laugardaginn 25. marz s.l. hjá félagsmönnum Vinnuveitendafélags Suðurnesja, sé ólögleg,
- 2) að Verkakvennafélag Keflavíkur og Njarðvíkur verði dæmt til greiðslu sektar til handa Vinnuveitendafélagi Suðurnesja vegna brots á kjarasamningi nefndra aðilja, dags. 2. okt. 1958.

Til v a r a :

- 1) að dæmt verði, að framangreind vinnustöðvun sé brot á II. kafla laga nr. 80/1938,
- 2) að Verkakvennafélag Keflavíkur og Njarðvíkur verði dæmt til greiðslu sektar í rikissjóð fyrir brot á lögum nr. 80/1938.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda, hver krafan sem til greina verði tekin. Jafnframt hefur

stefnandi áskilið sér rétt til þess að sækja stefnda í sérstöku máli til greiðslu skaðabóta vegna tjóns af framangreindri vinnustöðvun, ef hún verður dæmd andstæð samningum eða lögum.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 2. marz s.l. ritaði formaður Verkakvinnafélags Keflavíkur og Suðurnesja Útvegsbændafélagi Keflavíkur bréf og fer þar fram á, að verkakonur fái nú hliðstæðar lagfæringar á kjarasamningi sínum við félagið og verkakonur í Vestmannaeyjum hafi fengið með nýgerðum samningum, en kjarasamningar hafi nú verið lausir í eitt ár og þrjá mánuði. Æskir formaðurinn þess, að umboðsmenn aðilja komi saman á fund næsta dag. Úr því gat þó ekki orðið og mæltist formaðurinn þá til þess, að fundur yrði haldinn 6. marz. Formaður Útvegsbændafélags Keflavíkur, Karvel Ögmundsson, mun þá hafa bent formanni verkakvinnafélagsins á það, að hér væri um atriði að ræða, er verkakvinnafélagið ætti að leita samninga um við Vinnuveitendafélag Suðurnesja, en það félag hafði ásamt Útvegsbændafélagi Keflavíkur gerzt aðili að kjarasamningi við verkakvinnafélagið hinn 2. október 1958. Af þessu tilefni ritaði formaður verkakvinnafélagsins hinn 5. marz „Útvegsbændafélagi Keflavíkur c/o Vinnuveitendafél. Suðurnesja“ bréf, þar sem greindar eru þær lagfæringar, sem óskað er eftir af hálfu verkakvinnafélagsins á kjarasamningi þeim frá 2. okt. 1958, er þá var farið eftir. Í lok bréfs þessa biður formaður verkakvinnafélagsins afsökunar á því, að fyrri bréf hafi verið stíluð til útvegsbændafélagsins í stað útvegsbændafélagsins og Vinnuveitendafélags Suðurnesja.

Samningaumleitanir þær, sem fram fóru, báru ekki árangur, og hinn 15. marz s.l. urðu aðiljar ásáttir um að vísa málinu til sáttasemjara ríkisins og mun framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands hafa tilkynnt sáttasemjara ríkisins í símtali hinn 16. marz, að samkomulag hefði orðið um það, að vísa deilu þessari til hans og að verka-

kvennafélagið mundi afla sér heimildar til verkfalls. Hinn 17. marz samþykkti trúnaðarráð verkakvennafélagsins að hefja vinnustöðvun hjá Útvegsbændafélagi Keflavíkur og Vinnuveitendafélagi Suðurnesja frá og með 25. marz, ef samningar hefðu eigi tekist fyrir þann tíma. Fékk Vinnuveitendafélag Suðurnesja tilkynningu um verkfallið næsta dag, hinn 18. marz. Þann sama dag virðist verkakvennafélagið hafa ritað sáttasemjara ríkisins tilkynningu um verkfallið og barst hún honum í hendur árdegis hinn 21. marz. Sáttasemjari hélt því næst fund með deiluaðiljum 22. marz, en sættir náðust eigi. Hinn 23. s. m. mótmælti stefnandi boðuðu verkfalli, sem löglausu, „þegar af þeirri ástæðu“, að eigi hefði verið fylgt ákvæðum 16. gr. laga nr. 80/1938 um að tilkynna sáttasemjara verkfallið með 7 daga fyrirvara. Þau mótmæli komu fyrir ekki, og hófst verkfallið á tilskildum tíma kl. 24.00 laugardagskvöldið 25. marz s.l.

Á fundi stjórnar Vinnuveitendafélags Suðurnesja hinn 3. apríl s.l. var ákveðið að leita dómsúrskurðar um lög-mæti verkfallsins, hvort það væri boðað með löglegum fyrirvara. Jafnframt er bókað, að stjórn félagsins telji „að því (þ. e. félaginu) hafi aldrei borizt uppsögn á samningum um kjör verkakvenna, dags. 2. okt. 1958“. Höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem áður greinir.

Verða dómkröfur hans nú teknar til athugunar.

A. Aðalkrafan:

1. *Að vinnustöðvunin verði dæmd ólögleg.*

Þessi krafa stefnanda er á því byggð, að hinn 2. október 1958 gerði Verkakvennafélag Keflavíkur og Suðurnesja samning um kaup og kjör verkakvenna við Vinnuveitendafélag Suðurnesja og Útvegsbændafélag Keflavíkur. Skyldi samningur þessi gilda til 1. des. 1959 en vera uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara. Þessum samningi kveður stefnandi, að verkakvennafélagið hafi sagt upp gagnvart útvegsbændafélaginu með bréfi 30. október 1959, er barst stjórn útvegsbændafélagsins sama dag. Hins vegar hafi Vinnuveitendafélag Suðurnesja aldrei

fengið neina uppsögn enn þann dag í dag. Sé nefndur kjarasamningur því enn í fullu gildi á milli sín og verkakvinnafélagsins, og sé því félagi þess vegna algerlega óheimilt að knýja fram breytingar á honum með verkfalli, þar sem það sé grundvallarregla í viðskiptum vinnuveitenda og verk lýðsfélaga, að óheimilt sé að hefja verkfall til þess að koma fram breytingum á kjarasamningum, sem í gildi séu.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þessari kröfu stefnanda. Heldur hann því fram, að kjarasamningnum frá 2. október 1958 hafi þegar hinn 30. okt. 1959 verið sagt upp bæði gagnvart Vinnuveitendafélagi Suðurnesja og Útvegsbændafélagi Keflavíkur. Hafi formaður verkakvinnafélagsins þann dag ritað báðum þessum samningsaðiljum sínum bréf, þar sem samningnum hafi verið sagt upp. Hafi og aldrei allan þann tíma, er síðan sé liðinn, verið nokkur vafi á því, að samningar væru lausir, hvorki í huga formanns verkakvinnafélagsins né stjórnarnefndarmanna Vinnuveitendafélags Suðurnesja, enda hafi því ekki verið hreyft af þeirra hálfu, að þeim hefði ekki borið uppsögn, fyrr en 3. þ. m., er verkfallið hafði staðið í 9 daga. Sé þetta því fyrirsláttur einn af þeirra hálfu og fráleitt að stjórn Vinnuveitendafélags Suðurnesja geti nú eftir alla þögn sína á undanförunum samningafundum borið það fyrir sig, að samningnum hafi eigi verið sagt upp gagnvart þeim.

Stefnandi hefur mótmælt því, að það skipti máli, þótt hann hafi eigi fyrr en raun varð á borið fyrir sig, að umræddum kjarasamningi hefði eigi verið sagt upp af hálfu verkakvinnafélagsins, og hafi honum eigi glatast neinn réttur vegna þess.

Samkvæmt skýrslu formanns verkakvinnafélagsins hér fyrir dómi var ritvél hennar biluð hinn 30. október 1959. Handritaði hún því uppsagnir þær, sem hún sendi frá sér þenna dag og kemur það heim við uppsögn þá, er hún sendi útvegsbændafélaginu þenna dag og lögð hefur verið fram í þessu máli. Er sú uppsögn stíluð til þess félags, en meðal samninga þeirra, sem sagt er upp í því bréfi, er

samningur, sem útvegsbændafélagið var ekki aðili að, heldur Vinnuveitendafélag Suðurnesja eitt. Formaðurinn segist hafa haft sama hátt á um uppsögn, er send hafi verið síðastnefndu félagi sama dag, og muni í því bréfi hafa verið tilgreindur samningur sem Útvegsbændafélag Keflavíkur var eitt aðili að, en ekki Vinnuveitendafélag Suðurnesja. Máli sínu til stuðnings hefur formaðurinn lagt fram handskrifað bréf, stílað til Útvegsbændafélags Keflavíkur c/o Vinnuveitendafélags Suðurnesja, sem formaðurinn segist hafa ritað nærri samtímis uppsagnarbréfunum, en sem sé þó ekki orði til orðs samhljóða þeim, enda sést við samanburð á skjali þessu og bréfi því, er útvegsbændafélaginu barst, að þau eru ekki samhljóða orði til orðs. Virðist þetta bréf hafa átt að vera afrit eða samrit uppsagnarbréfanna beggja. Jafnframt hefur af hálfu stefnda verið lögð fram svofelld móttökuviðurkenning.

„Keflavík, 30/10. 1959.

Hefi í dag móttakið bréf frá Verkakv.fél. Keflav. og Njarðv. til Útvegsbændafélags Keflav. c/o Vinnuveitendafél. Suðurnesja.

G. J.“

Kveður formaður verkakvennafélagsins, að hún hafi sent stúlku með bæði bréfin og hafi hún komið til baka með þessa kvittun, sem formaðurinn kveðst hafa afhent henni ásamt bréfunum, og ætlast var til, að móttakandi uppsagnarbréfanna undirritaði.

Eigi er vitað, hver þessi G. J. er, sem setti upphafsstafi sína undir kvittunina. Hefur eigi náðst í skýrslu frá stúlku þeirri, sem stefndi telur líklegt að borið hafi bréfin, þar sem hún dvelur nú úti á landi. En um afdrif bréfanna er það eitt vitað, að bréfið til útvegsbændafélagsins komst í hendur stjórnar þess félags þann sama dag, sem það var sent, og var lagt fram á stjórnarfundi í Útvegsbændafélagi Keflavíkur þenna dag, en eigi hefur tekizt að upplýsa í hvers hönd bréfið barst. Uppsagnarbréf til Vinnuveitendafélags Suðurnesja hefur hins vegar ekki komið í leitirnar og kannast formaður þess félags, Karvel Ögmundsson, ekki við, að honum hafi borizt slíkt bréf

og ekki er samkvæmt skýrslu ritara stjórnarinnar hér fyrir dómi, Huxley Ólafssonar, neitt um það bókað í gerðabók stjórnar félagsins, að borizt hafi uppsögn á umræddum kjarasamningi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eru eigi gegn mótmælum stefnanda leiddar sönnur að því, að Vinnuveitendafélagi Suðurnesja hafi borizt uppsögn á samningi þess félags við Verkakvennafélag Keflavíkur og Njarðvíkur, en samkvæmt 6. gr. laga nr. 80 1938 er það beint boðið, að uppsagnir á kjarasamningum skuli vera skriflegar. Er það og eigi heldur, gegn mótmælum stefnanda, sannað af hálfu stefnda, að slík uppsögn hafi verið send. Það hefði að visu verið eðlilegt og lagað til þess að firra eða fresta framkvæmd verkfalls af hálfu verkakvennafélagsins, að þeir fulltrúar Vinnuveitendafélags Suðurnesja, sem þátt tóku í samningaumleitunum, hefðu eigi síðar en þegar verkfall var boðað, borið fyrir sig, að samningi þeim, sem krafizt var breytingar á, hefði eigi verið sagt upp, og eigi dregið það svo lengi, sem hér varð raun á. En eigi verður þó talið, að þetta tómlæti stefnanda hafi þau áhrif, að hann geti ekki nú borið það fyrir sig, að samningnum hafi eigi verið sagt upp.

Þar sem það er þannig eigi sannað, að umræddur kjarasamningur málsaðilja frá 2. okt. 1958 hafi fallið úr gildi fyrir uppsögn eða á annan hátt, og telja verður að það sé grundvallarregla, að óheimilt sé að beita vinnustöðvun til þess að knýja fram breytingar á kjarasamningi, sem er gildur og bindandi fyrir samningsaðilja, ber að taka þá dómkröfu stefnanda til greina, að vinnustöðvun sú, er að framan greinir og hófst kl. 24.00 laugardaginn 25. marz s.l., sé ólögmet gagnvart stefnanda máls þessa.

2. Krafa um fívíti vegna brota á kjarasamningi aðilja dags. 2. okt. 1958.

Þessi krafa stefnanda er á því byggð, að svo er um sam-ið í 17. gr. oftnefnds kjarasamnings, að brot á honum varði sektum. Telur stefnandi að stefndi hafi gerzt brot-

legur við þetta ákvæði með því að efna til verkfalls meðan samningurinn var enn í gildi.

Stefndi hefur mótmælt þessari dómkröfu stefnanda og telur hana ekki hafa við rök að styðjast.

Þegar litið er til framangreinds tómlætis stefnanda um það, að bera fyrir sig, að samningnum hefði eigi verið sagt upp, þykja eigi efni til að dæma féviti á hendur stefnda samkvæmt þessu sammingsákvæði.

B. Varakrafan:

Varakrafa stefnanda litur að því, að vinnustöðvun stefnda hafi eigi verið tilkynnt sáttasemjara ríkisins með lögmeðtalum fyrirvara. En þar sem vinnustöðvunin var ólögmeðtal af þeim ástæðum, sem að framan greinir, kemur það atriði, hvort lögmeðtali tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt, eigi til álita.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 800.00 upp í málskostnað.

Dómsorð:

1. Verfall það, sem Verkakvinnafélag Keflavíkur og Njarðvíkur hóf kl. 24.00 laugardaginn 25. marz 1961, er ólögmeðtal gagnvart Vinnuveitendafélagi Suðurnesja.

2. Verkakvinnafélag Keflavíkur og Njarðvíkur er sýknað af kröfu Vinnuveitendafélags Suðurnesja um greiðslu sektar vegna brots á framangreindum kjarasamningi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkakvinnafélags Keflavíkur og Njarðvíkur, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja, kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtningu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Ragnars Ólafssonar.

Stefndi hefir ákveðið haldið því fram, að hann hafi sent stefnanda uppsagnarbréf 30. október 1959 um leið og Útvegsbændafélagi Keflavíkur var sent uppsagnarbréf, sem viðurkennt er, að komst til skila. Til sönnunar máli sínu hefir stefndi lagt fram kvittun, dagsetta 30. október 1959, undirritaða G. J., þar sem bæði virðist kvittað fyrir bréf til Útvegsbændafélags Keflavíkur og Vinnuveitenda-

félags Suðurnesja, en tveir af þrem stjórnarmönnum Útvegsbændafélags Keflavíkur eru einnig tveir af þrem stjórnarnefndarmönnum Vinnuveitendafélags Suðurnesja og er formaður beggja félagna sami maður. Við aðiljayfirheyrslu 19. þ. m. viðurkenndu stjórnarmenn stefnanda, þeir Margeir Jónsson og Huxley Ólafsson, að þeir hefðu talið samninga lausa milli stefnanda og stefnda, áður en vinnustöðvun hófst 25. marz s. l. Það virðist því færðar fullar líkur fyrir því, að stefnanda hafi hinn 30. október 1959 borizt uppsagnarbréf á kjarasamningi aðilja frá 2. október 1958, og að samningar milli þeirra hafi verið lausir frá 1. desember 1959 og séu enn.

Upplýst er í málinu, að sáttasemjara var tilkynnt, að til verkfalls myndi koma 16. marz s. l. eða 9 sólarhringum áður en verkfall kom til framkvæmda, enda hefir sáttasemjari ekki tjáð sig um, að tilkynning um verkfallið hafi borizt honum of seint.

Samkvæmt framanskráðu er verkfall stefnda hjá stefnanda, sem kom til framkvæmda 25. marz s. l. löglegt og verða kröfur stefnanda því ekki teknar til greina. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Verkakvennafélags Keflavíkur og Njarðvíkur, er sýkn af kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Suðurnesja, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
